

Húsreglur fyrir Miðholt og Bakka Þórshöfn DRÖG

Reglur þessar gilda um íbúðir á Miðholti 10 og Bakkavegi 23, afnot og nýtingu sameignar og séreignar ásamt umgengni og skyldum íbúa gagnvart hver öðrum.

1. Íbúum er skylt að ganga þrífalega og hljóðlega um sameiginlegt húsrými og lóð. Íbúum ber ætíð að hafa í huga að valda öðrum íbúum sem minnstu ónæði og óþægindum. Íbúar eiga jafnan rétt til að hagnýta sér sameign á eðlilegan hátt óháð hlutfallstölum í eigninni.
2. Frá kl. 23:00 til 07:00 má enga háreysti hafa í og við húsið er raskað gæti svefnfriði í öðrum íbúðum. Forðast skal óparfa hávaða eftir kl. 22:00 á kvöldin. Undanþága frá því er þó á nýársnótt.
3. Um sameiginlegt rými og lóð gilda eftirtalin ákvæði:
 - a) Inngangar í húsið skulu að jafnaði vera læstir. **? Ekki dyrabjalla?**
 - b) Forðast skal alla háreysti í stigahúsi og sameiginleg rými skulu ekki vera leikvangur.
 - c) Skófatnað eða aðra persónulega muni má ekki geyma í sameign og pöllum framan við íbúðirnar.
 - d) ~~Reiðhjól, barnakerrur og vagna skal geyma í sérstakri þar til gerðri geymslu.~~
Umorða? Persónulegir munir skulu ekki geymdir inni eða úti á sameiginlegum svæðum
 - e) Bannað er að geyma vél-og rafmagnshjól í sameiginlegu rými innanhúss.
 - f) Þegar vanskil á húsgjöldum eru orðin 3 mánuðir skal skuldin sett í lögfræði innheimtu
Eru húsgjöld?
 - g) Ekki má skilja neitt eftir, fyrir utan útihurðir eða á gangbrautum við húsið, sem truflar eðlilega umferð.
 - h) **Eitt stæði fylgir hverri íbúð.**
 - i) Þegar íbúi þarf að framkvæma flutning um sameignina, s.s. að flytja búslóð eða úrgang sem kemur til vegna endurbóta eða viðhalds íbúðar eða annað sem óþrifum veldur, skal hann þrifa jafnóðum þau óhreinindi sem af flutningi verður.
Getum sameina slatta af punktum hér?
4. Bannað er að aðhafast nokkuð, eða hafa til geymslu eitthvað, sem óþrifnaður eða óþefur er af.
5. Flokka skal sorp samkvæmt leiðbeiningum Langanesbyggðar.
6. Reykingar eru bannaðar í allri sameign hússins **og íbúðum, þ.m.t. notkun rafretta.**
7. Óheimilt er að stunda atvinnurekstur í húsinu .
8. Sölumennska og trúboð er ekki heimilt í húsinu. **Er þörf á þessum punkti?**
9. Stranglega er bannað að geyma eldfim efni í eða sprengiefni í húsinu. Enn fremur ber öllum skylda til að fara varlega með eld í húsinu.
10. **Dýrahald er leyft innan íbúða en ekki sameignar?**
11. **Viðhald, hvern á að hafa samband við? Vitna í leigusamning eða húsaleigulög?**
12. **Trygging?**
13. Öllum íbúum hússins ber að hafa eftirlit með því að þessum reglum sé fylgt

og upplýsa skrifstofu Langanesbyggðar verði þeir þess áskynja að þær séu brotnar eða ef ágreiningur rís.

14. Brot á reglum þessum geta valdið banni við búsetu í húsinu á grundvelli 55. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.